

Reykjavík, 7. maí 2020

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Á fundi borgarráðs 30. apríl 2020 kom fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðstoð Félagsbústaða við einstaklinga í vanda (mál R20040237):

„Fyrirspurn um aðstoð Félagsbústaða við einstakling í vanda. Hvernig ætla Félagsbústaðir að styðja við og hjálpa einstaklingi sem er í t.d. þeim aðstæðum sem hér er lýst: (Tekið er fram að dæmið er tilbúið). Einstaklingurinn er öryrki og fær 250.000 krónur á mánuði fyrir skatta. Hann greiðir um 100 þúsund á mánuði í leigu hjá Félagsbústöðum. Hann er langveikur og hefur oft þurft að fara á bráðadeild. Hann hefur nokkrum sinnum þurft að greiða sjúkrabílaflutning fyrir sjálfan sig. Kostnaður við lyf er mikill. Andlega líður honum illa en hefur ekki ráð á áfallahjálp og sálfræðiaðstoð enda slík þjónusta ekki niðurgreidd. Hann hefur verið í einangrun vegna Covid smithættu sem kallað hefur á meiri þjónustu og frekari útgjöld. Nú hafa Félagsbústaðir ákveðið að fella ekki niður leigu í einn einasta mánuð vegna Covid-19. Boðið er upp á greiðsludreifingu. Fyrir einstakling eins og þann sem hér er lýst dugar dreifing leigu skammt þar sem skuldir hafa nú safnast upp. Það mun koma að skuldadögum.“

Svar við fyrirspurninni:

Félagsbústaðir gegna eins og kunnugt er því hlutverki fyrir hönd eiganda síns, Reykjavíkurborgar, að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í borginni. Leitast er við að tryggja hagstætt leiguverð og fjárhagslega sjálfbærni þannig að félagið sé rekstrarhæft og geti fylgt eftir áætlunum borgaryfirvalda um fjölgun félagslegra leiguíbúða og viðhaldið eignunum með sómasamlegum hætti.

Hlutverk velferðarsvið er eins og vitað er að úthluta lausum íbúðum Félagsbústaða til einstaklinga og fjölskyldna sem ekki hafa tök á að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra aðstæðna. Aðstæður alls þess fjölda fólks sem leigir íbúðir hjá Félagsbústöðum eru afar mismunandi og áhersla er lögð á að vinna úr málum og erindum fljótt og örugglega. Þegar leigjendur leita til félagsins vegna vanskila og fjárhagserfiðleika er farið yfir greiðslustöðu þeirra, leiðbeiningar veittar um mögulega úrlausn og skoðaðir möguleikar á samkomulagi um dreifingu leigugreiðslna.

Í dæminu hér að ofan er spurt hvernig Félagsbústaðir styðji við og hjálpi einstaklingi í erfiðri stöðu. Ef upp kemur tilvik sem þetta væri farið yfir greiðslustöðu viðkomandi, möguleika á samkomulagi um greiðsludreifingu, kannað hvort viðkomandi njóti almenns og sérstaks húsnæðisstuðnings, viðkomandi bent á að kanna réttarstöðu sína hjá Tryggingastofnun. Einnig væri viðkomandi bent á að kynna sér og leita eftir aðstoð og stuðningi viðkomandi þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs í samræmi við lög um

félagsþjónustu sveitarfélaga og reglur Reykjavíkurborgar þar um. Þá er mögulegt, að höfðu samráði við viðkomandi, að samband haft yrði samband við félags- eða húsnæðisráðgjafa viðkomandi og reynt að finna sameiginlega viðunandi lausn.

Félagsbústaðir sinna ekki félagsþjónustu en veita þó leigjendum sínum umtalsvert meiri þjónustu og sveigjanleika við úrlausn hinna ýmsu mála en almennt þekkt hjá leigufélögum hérlandis. Eitt af markmiðum Félagsbústaða er að stuðla að húsnæðisöryggi og vinna með leigjendum og velferðarsviði að því að leigjendur missi ekki húsnæði sitt vegna vanskila eða húsreglnabrota.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri